

ER SVEPPUR Í VÉLINNI ÞINNI ?

Fyrir þá sem vilja kynna sér málið þá hef ég tekið eftirfarandi saman og sett á blað. Fyrir hina sem ekki hafa áhuga þá eru bara óhreinindi í vélinni sem þarf að hreinsa.

Þvottavélinni, uppþvottavélinni eða rakapéttiþurrkaranum.

1.3.2011

Undanfarin ár hefur í síauknum mæli orðið var við mikinn sveppa og sýklagróður í ofangreindum vélum. (algengt á heimilum)

Í þvottavélunum sést sveppagróðurinn auðveldlega ef sápuskúffan er tekin úr vélinni og skoðað á bak við hana. Ef vélin er ca. 5-10 ára birtist oft ótrúleg sjón.

Í rakapéttiþurrkurum er rakapétti grindin tekin úr (venjulega neðst framan á þurrkaranum) þá kemur oft töluverður sveppagróður í ljós innst inni, þar sem grindin endar við bakið á þurrkaranum. Einnig í afrensliskerfinu sem er alveg lokað. Sveppurinn kemur í þurrkarann með þvottinum sem er mengaður eftir að hafa legið t.d. yfir nótt í þvottavélinni.

Í uppþvottavélum er erfitt að sjá nokkuð athugasvert nema að opna vélina, skoða leiðslur og inntakskerfi. Þær vélar sem taka vatnið inn í gegnum botnskálina virðast í sérstakri áhættu. Einnig eru vélar sem taka vatnið inn í gegnum gat á hliðinni inni í vélinni, við hliðina á leirtausgrindinni þær eru sjaldnast með svepp í inntakskerfinu, þó hefur orðið vart við slíkt. Flestar nýjar vélar taka inn vatn á báðum stöðum vegna vatnsmýkingarkerfisins (en þá er salt sett í þartilgert hólfi í botni vélarinnar á ekki við á Íslandi).

Á byrjunarstigi er sveppurinn ljósgulur og síðan ljósbrúnn. Þegar hann verður meiri og þykkari verður hann grár. Hann er slímugur viðkomu þegar hann er blautur, oftast flagnar hann, ef hann þornar.

Áhrifaríkasta leiðin sem vitað er um til að losna við sveppinn er að hreinsa hann burt með Uppþvottavélahreinsiefni og SVEPPAEYÐI. Einnig virkar Klór eða Rodalon.

En athugið að klór er eitruður. Því verður að skola hann burtu á eftir, það er tiltölulega einfalt í þvotta - og uppþvottavélum en ekki hægt í rakapéttiþurrkurum (barkalausum þurrkurum). Þar verður því að nota önnur efni sem fást í apótekum t.d. Rodalon eða önnur sambærileg efni, sem ekki eru eitruð eins og klór er.

Athugið að ekki er hægt að nota algengt eða venjulegt sápu efni því sveppurinn lifir á sápu.

“SVEPPAEYÐIR” ER NÁTTÚRULEGT OG VISTVÆNT EFNI AÐ SÖGN FRAMLEIÐENDA.

SVEPPAEYÐIR er virkasta varnar-efnið sem við höfum prófað.

SVEPPAEYÐIR er langtímavirkt efni 1-3 mánuðir.

Fyrir 15 árum eða svo, sást svona ekki í heimilistækjum.

Það var einmitt þá, sem “umhverfisvænu” þvottaefnin með Enzimum komu á markaðinn og fataefni sem ekki þola mikinn hita.

Nú er svo komið að flestir þvo með umhverfisvænum (Biolokisk) og mildum þvottaefnum og nánast aldrei á suðuþvottakerfi, þ.e.a.s. 95° C.

Sveppurinn kemur sennilega úr niðurföllum í húsinu inn eftir afrennslisslöngunni upp í belginn og upp í sápuhólfið þar sem hann lifir góðu lífi í hæfilegum raka og hita. Það er líklega séríslenskt fyrirbæri að niðurföll og holræsi eru volg eða heit allan ársins hring. Þar hefur hann lengi legið og beðið, og síðan sterku þvottaefnin fóru af markaðinum þá stoppar hann ekkert í að komast alla leið. Líklega er besta tækifærið fyrir hann þegar þið eruð í frí í langan tíma og vélin ekki í notkun.

Það eru nokkur atriði sem auðvelda sveppnum að lifa:

- **Heit niðurföll.**
- **Mild þvottaefni flest með Enzimum (virðist sveppahvetjandi)**
- **Lágur þvottahiti.**
- **Flestar vélar bæta í sig vatni áður en þær dæla af sér heita vatninu, það er betra fyrir sveppinn.**

Einnig grunar mig að einhver þróun eða ónæmi hjá sveppnum sé að aukast. Ef þú tekur vatnslásinn undir eldhúsvasknum eða þvottavélinni þinni í sundur þá sérðu þennan sama svepp þar með samskonar lykt.

Sumar þýskar þvottavélar hafa innbyggðann vatnslás, úr honum liggur mjó slanga upp í sápuhólfið til að hleypa lofti úr vatnslásnum. Þessi slanga getur stíflast af svepp og þá getur vélin oft ekki losað sig við vatnið sérstaklega í þeytivindu. Það getur haft margvíslegar afleiðingar í för með sér. Þessi vatnslás er undantekningalítið þakinn að innan af svepp eins og aðrar slöngur í vélinni. Það sést venjulega vel þegar lokið er tekið af vélinni því lásinn er úr hálfglæru plasti. Þessar vélar eru oft með þykkt grátt lag af sveppi innst inni í sápuhólfinu þar sem mjóa slangan kemur inn í það. Þetta sést lítið eða ekkert í nýlegum vélum.

Taka skal fram að ekki stoðar að fá sér bara nýja vél, því sveppir hafa fundist í tækjum innan við árs gömlum, staðsettu í jafn nýlegu húsnæði.

Lífræn (biológísk) þvottaefni með ENSÍMUM , þannig samansett þvottaefni virðast hafa mikil áhrif til hins verra. Ég hef séð vélar þar sem ekki hafa verið notuð lífræn þvottaefni og þar er nánast enginn sveppur. Þetta þarfnast þó nánari skoðunar vegna annara möguleika sem hugsanlega eru áhrifavaldar.

Sápugerðarmenn hafa sagt mér að síðan ensímþvottaefnin komu á markaðinn hefur mjög aukist kvartanir um ofnæmi og slík húðvandamál sem rakin eru til þvottaefna.

Ensím eru lífræn uppleysiefni sem þola allt að 70-80° heitt vatn áður en þau deyja.

Þar sem allar þvottavélar taka nú inn kalt vatn og kæla niður þvottinn fyrir afdælingu þá lifa ensímin þvottinn af í afrennslisslöngum vélarinnar.

Ég hef fengið mjög margar vélar til viðgerðar sem eru alveg orðnar ruglaðar í prógraminu vegan sveppagróðurs í vélini.

Einnig virðist rafsviðsmengun, rafsegulmengun og geisla­mengun frá útvarp-sjónvarps og farsímaendurvarpssendingum einnig þráðlausum símasendingum hafa áhrif á svona örveru­gróður, mikil aukning. Þessar sendingar auka mikið rafmengun í húsum. Núorðið er kominn mikill og þéttur skógur af farsímamöstrum í allt þéttbýli. Hér er um mikinn og flókinn málaflokk að ræða þar sem rekast á gríðalegir hagsmunir.

Til dæmis bendir margt til að Kamfilobakter veiran fjölgi sér mikið örar við rafmengun t.d. frá farsímamöstrum. Samkvæmt upplýsingum frá Brynjólfi á Akureyri. Nánari upplýsingar: www.feb.se og simnet.is/vgv fyrir þá sem hafa áhuga á rafmengun og áhrifum hennar á fólk og umhverfi þess.

Meðferðarúr­ræði

Athugið að þau koma sjálfsagt til með að breytast eftir því sem reynslan eykst og nýjar skýringar finnast..

Þvottavélar einu sinni í mánuði.

1. Suðuaðferðin sem kynnt er á aftasta blaðinu neðst. Einu sinni í viku.

2. Hreinsun sápuhólfs:

- Fáíð ykkur heila og hæfilega stóra gúmmíhanska.
- Takið sápuskúffuna úr vélinni.
- Setjið SVEPPAEYÐIR í úðabrusa og úðið innan í sápuhólfið og á skúffuna.
- Fáíð ykkur uppþvottabursta og framlengið hann (límband) með aukaskafti svo hann verði passlega langur fyrir sápuhólfið.
- Látið vélin taka inn vatn um leið og þið burstið hólfið vel að innan og niður í inntaksslönguna með flöskubursta.
- Nauðsynlegt getur verið að minnka þrýstinginn á vatninu með krananum.
- Hreinsið inntaksigtin aftan á vélinni ef ekki rennur nóg vatn.
- Örugast er að gera þetta 12 sinnum á ári.

Önnur einfaldari og ekki eins öflug aðferð er að setja ½ ltr. af SVEPPAEYÐI í síðasta skol og láta síðan vélin skola einu sinni bíða yfir nótt og þá láta vélin taka eitt 95° prógramm til að skola sig og hreinsa. Eftir sem áður þarf að hreinsa sápuhólfið.

Það er ráðlagt að taka afrennsslönguna úr niðurfallinu og setja SVEPPAEYÐI í vélin og afrennsslönguna, vatnslásinn þegar vélin er látin standa í langan tíma t.d. viku eða lengur. Athugið að það á alltaf að vera vatnslás á niðurföllum fyrir þvottavélar.

Rakapéttipurrkarar (barkalausir):

1. Hreinsun rakapéttikerfisins:

- Úðið allt rakapéttikerfið að innan með SVEPPAEYÐI og á rakapéttingrindina og hreinsið eins vel og ykkur er mögulegt. Ekki er ráðlegt að nota rennandi vatn, úðið frekar, burstið eða notið klút. Rakapétti-grindina er hægt að hreinsa t.d. í baðkari.
- Þeir sem eiga vatnsryksugu geta notað hana til að hreinsa þurrkarann að innan.

Athugið að þetta þarf að gera reglulega. Þegar þurrkarinn er ekki í notkun er best að láta rakabéttihólfið standa opið og þorna (takið rakabéttigrindia úr þurrkaranum).

Ef þurrkarinn er orðin mjög slæmur þá getur reynst nauðsynlegt að hreinsa hann á verkstæði. Þá er allt rífið í sundur, rafkerfið fjarlæggt og hreinsað með háþrýstipvotti.

Þetta sveppavandamál er ekki til staðar í venjulegum barkaþurrkurum.

Uppþvottavélar:

Þar er ekki hægt að komast að neinu nema innan frá og ekki heldur hægt að sjá neitt.

Þeir sem eiga vélar sem taka vatnið inn um botnskálina geta hellt SVEPPAEYÐI í hana öðru hverju og dæla út til að hindra sveppamyndun.

Ef hinsvegar sveppur er kominn inn í inntakskerfið (sem nú á tímum er nokkuð flókið og mikið kerfi í vélinni, vegna vatnssparnaðar sem er mikilvægur í öðrum Evrópulöndum), þá þarf að koma hreinum SVEPPAEYÐI inn í inntakslönguna á vélinni.

- Takið slönguna af krananum, tæmið slönguna af öllu vatni, fyllið hana svo af SVEPPAEYÐI og skrúfið á kranann aftur. Þægilegt getur verið að hafa aukaslöngu sem bætt er við inntakslönguna með tilheyrandi millistykki og fyllið hana með sveppaeyði eða klór.
- Látið vélin taka inn vatn í nokkrar sekúndur, stoppið síðan og leyfið efninu að liggja í nokkra klukkutíma í inntaksslöngumun og plastkerfinu.
- Látið vélin vinna heilt þvottakerfi svo efnið skolist í burtu.
- Ath. Sveppaeyðir freyðir mikið, því getur verið nauðsynlegt að láta vélin taka inn vatn og dæla því síðan strax út aftur nokkrum sinnum án þess að láta vélin þvo.

Til er sérstakt uppþvottavélahreinsiefni (fæst í umboðinu) til að hreinsa fitu, kísil og kalk úr vélinni.

Þetta efni inniheldur sýru sem gæti verið hentugt til að hreinsa vélin og afrennslið en ekki innrennsliskerfið.

Þetta efni má líka nota í þvottavélar. Nánari leiðbeiningar eru á pakkanum.

Þá er ráðlagt að taka afrennsslönguna úr niðurfallinu og setja SVEPPAEYÐI í vélin og dæla honum út þá verður þó nokkuð eftur í slöngunum, þegar vélin er látin standa í langan tíma t.d. viku eða lengur.

Ísskápar:

Sveppurinn myndast stundum í afhríminga-afrennslinu innan í ísskápum og stíflar.

- Hreinsið rörið með vírþræði eða öðru hentugu og hellið síðan ca. 1 dl. SVEPPAEYÐI í gatið (rörið).
- Athugið að ekki er gott að fá klór innan í ísskápa, klórinn er eittraður og honum fylgir vond lykt.

Ef nánari upplýsinga er óskað vinsamlegast hafið samband við þjónustuaðila.

SVEPPAEYÐIR (Biotroll) fæst ekki lengur.

En Rodalon kemur að sama gagni, það fæst í flestum Apotekum, umboð Eyrberg.

Rafhof. viðgerðarþjónusta á heimilistækjum

Haraldur Guðbjartsson

sími: 5666082

gsm: 8930012

rafhof @centrum.is

Fræðingar hjá Hollustuvernd og Umhverfistofu og sumir aðrir fræðimenn segja að þetta sé ekkert mál, “ það þurfi bara að láta vélina sjóða öðru hvoru “.

Það er nú þannig að allar vélar nú til dags taka kalt vatn inn á sig og blanda vatnið niður í ca. 50° hita áður en þvottavatninu er dælt út. Þetta er sennilega gert vegna alls plastsins sem er í afrennislögnum vélarinnar og hússins en sveppurinn sjálfur þolir 60 – 70° hita.

Einnig verður sápuhólfið aldrei svo heitt þó vélin hiti þvottinn í 95°.

Ég veit um margar vélar sem mikið er soðið í en eru samt með töluverðan svepp.

Lesið leiðbeiningarnar og hreinsið vélina.

Tekið skal fram að ný og önnur hentug efni geta verið til þó svo við vitum ekki af þeim. Þessar aðferðir munu sjálfsagt breytast þegar reynslan safnast saman og aðferðin þróast.

Ein vistvæn Suðuaðferð algjörlega án ábyrgðar.

Gerið einu sinni í viku reglulega.

Látið vélina sjóða eins og venjulega en skrúfið fyrir vatnið þegar vélin hefur tekið in vatn til að sjóða. (sleppið forþvotti)

Látið hana síðan dæla út sjóðandi heitu vatninu eftir hitun. Þetta ætti að drepa sveppinn allstaðar nema í sápuhólfinu.

Látið vélina bíða í ½ klst. áður en haldið er áfram með prógramið.

Ath. Tölvustýrðar vélar blikka ljósi ef þær fá ekki vatn á réttum tíma.

Slökkvið bara á vélini og látið hana byrja aftur á skolprógrami ef þvottur er í vélini þegar þið gerið þetta.

Ég hefi notað þessa aðferð við nokkrar tegundir véla og þær virðast alveg þola það, án nokkura sjáanlegra afleiðinga fyrir vélina.

En samt algjörlega án ábyrgðar því búið er að breyta vélunum þannig að þær gera þetta ekki sjálfar eins og var fyrir 15-20 árum síðan.

Athugið að um er að ræða blöndu af svepp og bakteríum.
Lífhimnan sem sveppurinn myndar gefur bakteríunum einnig möguleika á að lifa af inni í slöngum og belgnum.

Tekið saman af áhugamanni sem er ekki sérfróður um lífefnafræðilega ferla.
Þessi samantekt er eingöngu fyrir þá sem vilja reyna að hjálpa sér sjálfir, því engi hjálp er annarstaðar að fá svo best er vitað.